

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Hörður Þorsteinsson

UMSÖGN BIRT
10.07.2023

Á fundi heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness þann 5. júní 2023 var eftirfarandi bókun samþykkt. 1.7. Umsögn um breytingu og nýtingu á lóð Fornahvarf 10 í Kópavogi. Lagt fram erindi frá skipulaginu í Kópavogi þar sem óskað er umsagnar á beiðni lóðarhafa lóðarinnar nr. 10 við Fornahvarf. Um er að ræða stækkun á íbúðarhúsi, ásamt vinnustofu á norð-austur hluta lóðarinnar auk fleiri breytinga. Byggingarmagn á lóðinni eykst um 714,2 fm. og eykst nýtingarhlutfall á lóðinni úr 0,07 í 0,22. Bókun heilbrigðisnefndar: Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að samkvæmt skipulagi sem hefur verið í gildi frá árinu 2001, kemur fram að svæðið er innan vatnsverndarsvæðis, á svokölluðu fjarsvæði B. Með tilkomu nýrrar vatnsverndarsamþykktar árið 2015 var vatnsvernd á svæðinu aflögð. Engu að síður er Elliðavatn skilgreint sem viðkvæmur viðtaki og gilda auknar hreinsunarkröfur á lóðinni þar sem viðtakinn gæti orðið fyrir áhrifum vegna mengunar. Samkvæmt deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir að byggð á svæðinu verði tengd holræsa- og lagnakerfi Kópavogsbæjar og telur heilbrigðisnefnd mikilvægt að samhliða svo viðamikilli uppbyggingu á lóðinni verði allt skolp frá lóðinni tengt við fráveitukerfi sveitarfélagsins .

1

Skjalnúmer: 1000000000 dags: 19.08.2026

